

Leiðandi
vettvangur í tíu ár



Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM

Hörpu, 7. – 8. nóvember 2019



SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN

ISI ICELAND
SEAFOOD



TM


ITUB

BRIM

HAMPIÐJAN

Þrifa Óhásid

Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM




Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM eru nú veitt í fyrsta sinn í tilefni af 10 ára afmæli ráðstefnunnar.

Markmið Hvatningarverðlauna.

- Hvetja ung fyrirtæki og frumkvöðla til dáða.
- Stuðla að nýbreytni
- Vekja athygli almennings á gildi nýsköpunar og þróunar í sjávarútvegi.

Verðlaunin eru í formi viðurkenningarskjals og verðlaunagripsins Sviföldunnar.



- Höfundur Jónas Bragi Jónasson



Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM



Við mat á tilnefningum var tekið tillit til frumleika og áhrifa á virðisaukningu. Einnig var litið til áhrifa á ímynd íslensks sjávarútvegs, sjálfbærni og samstarfs.


Dómnefnd var skipuð aðilum frá sjávarútvegsfyrirtækjum, rannsóknarstofnunum, tæknifyrirtækjum og þjónustuaðilum við sjávarútvegin.

Dómnefnd:


Jónas R. Viðarsson, Gísli Kristjánsson,
Ásgeir Jónsson, Bjarni Eiríksson, Hólmfríður
Sveinsdóttir, Björk Viðarsdóttir.

**Eftirfarandi fyrirtæki sem tilnefnd eru til Hvatningarverðlauna
Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM fá sérstaka viðurkenningu.**





NICELAND SEAFOOD



Niceland Seafood er tilnefnt fyrir nýstárlegar leiðir í sölu og markaðssetningu á íslenskum fiski.

Fyrsta fyrirtækið sem býður upp á ferskan, íslenskan fisk með rekjanleikalausn sem sýnir neytendum hvernig fiskurinn ferðast allt frá veiðum í verslanir og veitingahús.

Vörum er fylgt eftir með öflugri markaðssetningu undir vörumerkjum Niceland Seafood.

Einnig sérhæfir fyrirtækið sig í markaðssetningu á netinu bæði í gegnum samfélagsmiðla og aðra netmiðla.


Íslenskur fiskur seldur undir sterku vörumerki og upplýsingar nýttar sem áður voru ótengdar og ósýnilegar neytendum með það fyrir augum að ná fram meiri verðmætum út úr þessari mikilvægu útflutningsvöru Íslendinga.

Tengiliðir: Heiða Kristín Helgadóttir, María Bragadóttir,
Vigfús Björnsson og Birgir Birgis.



SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN

100 %
Fiskur



SJÁVARKLASINN



Sjávarklasinn er tilnefndur fyrir stuðning við nýsköpun og samvinnu hinna ýmsu aðila innanlands og utan.

Mikill áhersla hefur verið á sjálfbærni og hafa verkefnin ýtt undir aukið samstarf fyrirtækja, menntastofnanna og ríkisstofnanna.

Starfsemi Sjávarklasans hefur stuðlað að vitundarvakningu á Íslandi á mikilvægi og fjölbreytileika starfsemi sem er tengd sjávarútvegi.

Sjávarklasinn er samfélag yfir 80 fyrirtækja og frumkvöðla í hafsækinni starfsemi og vettvangur fyrir þau til að skapa saman ný verðmæti.

Tengiliðir: Þór Sigfússon, Franz Gunnarsson,
Sara Björk Guðmundsdóttir og Berta Daníelsdóttir.

CODLAND



Codland er tilnefnt fyrir framtak sem mun skapa verðmæti og atvinnu og tryggja þá ímynd enn fastar í sessi sem einkennt hefur íslenskan sjávarútveg um aukna nýtingu á hráefni til verðmætasköpunar.

Markmið Codland er að efla ímynd og hámarka fullnýtingu á þorski.

Codland byggir á sérhannaðri heilsuvörðsluverksmiðju sem nýtir hliðarhráefni úr hefðbundinni fiskvinnslu eins og slóg og roð sem er síðan unnið í ýmsar heilsutengdar vörur.

Tengiliðir: Davíð Tómas Davíðsson
og Erla Ósk Pétursdóttir.



Hvatningarverðlaun

Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM 2019

